

## Deildarstjóri

Deildarstjóri er hluti af stjórnunarteymi skólans hann er tengiliðir kennara og stuðningsfulltrúa við skólastjóra. Deildarstjóri tekur þátt í faglegum ákvörðunum og skipulagi innrastarfs skólans með skólastjórum. Hann situr vikulega stjórnunarfundi. Deildarstjóri tekur á agamálum og fylgist með líðan og félagslegri stöðu nemenda í samvinnu við kennara og foreldra og kemur að skólasókn nemenda. Hann hefur umsjón með skipulagningu stoð/sérfræðiþjónustu. Deildarstjóri skipuleggur kynningarfundir fyrir foreldra/forráðamenn að hausti, ásamt umsjónarkennurum. Hann hefur umsjón vegna samræmdra prófa ásamt skólastjóra og sérkennara. Deildarstjóri tekur þátt í skipulagningu á uppákomum og heimsóknum á sínu stigi. Hann kemur að skipulagningu á vettvangsferðum og ferðalögum. Deildarstjóri er Aðalheiður Bragadóttir.